

## Um skólann

Staðsetning	Skólinn er á norðanverðum Vestfjörðum.
Nemendur	Nemendur eru um 120 á aldrinum 5 til 16 ára og ganga í 1.–10. bekk grunnskóla.
Húsakynni og lóð skóla	Skólinn er í byggingu frá seinni hluta 20. aldar. Í bygginginni er bæjarbókasafn og á staðnum íþróttahús, sundlaug og heilsugæslustöð.
Ytra samhengi skóla	Sjávarþorp með um 1.000 íbúa.
Athugun	Matstækið var notað af þremur hópum á fundi allra starfsmanna skólans.
Skref í þróun	Breytingar í undirbúningi – fyrsta skref í samræðu um mögulegar breytingar á umhverfi náms og kennslu.

## Verkfæri

**Matstæki um þróun skólastarfs:**

<https://www.ncl.ac.uk/mediav8/cored/files/School%20Development%20Evaluation%20Tool%20in%20Icelandic.pdf>



Bolungarvík er sjávarþorp á norðanverðum Vestfjörðum. Mynd af vef Grunnskóla Bolungarvíkur.



## Um matstækið

Tilgangur með tækinu er tvíþættur: Í fyrsta lagi geta kennarar og stjórnendur notað það til að auðvelda og styrkja faglega umræðu um skólastefnu og/eða mat á skólastarfi. Í öðru lagi má nota það sem greiningartæki við athuganir í tengslum við umbætur í skólastarfi. Faglegur grunnur tækisins byggir á hugtökum um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislega kennsluhætti, nemendamiðað skólastarf og skólann sem námssamfélag.

Sjá nánar: <https://www.ncl.ac.uk/mediav8/cored/files/School-development-evaluation-tool-Icelandic.pdf>

## Vinnulag

Starfsmannahópnum var skipt upp í þrjá hópa – vegna veðurs voru færri í vinnu en vanalega þannig að mið- og unglíngastígskenningar unnu saman, kennarar á yngsta stigi voru í öðrum hóp og stuðningsfulltrúar og skólaliðar ásamt þroskaþjálfarar í þeim þriðja. Skoðaðir voru þrjú þættir og hér eru helstu niðurstöður sem snerta þátt þrjú um námsumhverfi.

Óskað var eftir því að skoðað væri hvar við erum stödd. Það var þó misjafnt hvernig hóparnir unnu. Það er skýrt við hvern hóp. Hóparnir fengu að auki þrjár spurningar til að hafa til hliðsjónar við vinnuna en þær voru: Hvað er gott og hvað ættum við að gera meira af?, Hvað er ekki gott og hverju ættum við að hætta strax? Og hvað þurfum við að tileinka okkur til að komast á fimmta stig í þætti þrjú.



## Niðurstöður

### Yngsta stig

Kennarar á yngsta stigi meta stöðuna þannig að við séum á fyrstu þremur stigunum hvað námsumhverfi varðar.

<b>Skipulag skólabyggingar</b>	Stig 2 Skólabyggingin skiptast niður í skólastofur og nokkur lokuð rými. Opin rými skólans nýtt eftir þörfum, einhver sveigjanleiki.
<b>Vinnurými nemenda</b>	Stig 3 Sumum stofum hefur verið skipt upp í vinnusvæði og nemendur fara á milli svæðanna innan stofunnar.
<b>Námsgögn og sýnileiki verkefna</b>	Stig 2 Einsleit námsgögn og vinna nemenda sýnileg.
<b>Skólasöfn</b>	Stig 1 Lokað skólasöfn, bækur og annað efni aðeins til útlána; takmarkaður opnunartími.
<b>Tæknibúnaður</b>	Stig 3 Nemendur hafa aðgang að fartölvum eða spjaldtölvum. Þráðlaust net í öllum kennslurýmum.

Yngsta stigið telur að samstarfið á stiginu sé mjög gott en bæta mætti samstarfið við sérgreinakennara. Bókasafnið mætti vera meira opið þannig að nemendur hafi betri aðgang að bókum og til þess að komast á fimmta stig þurfum við að temja okkur nýja starfshætti, fá meira fjármagn inn, annað viðhorf og aukinn tíma til faglegrar umræðu um hugmyndafræðina á bak við stig 5 ásamt áframhaldandi faglegum stuðningi.

Á yngsta stigi í 1. til 4. bekk eru 48 nemendur.

## Niðurstöður frh

### Mið- og unglíngastig

Kennarar á mið- og unglíngastigi unnu þetta aðeins öðru vísi, mátu hvar við erum stödd ásamt því hvar við viljum vera. Þeim fannst fimmta stig ekki alltaf áhugavert.

	Hvar erum við?	Hvar viljum við vera?
<b>Skipulag skólabyggingar</b>	Stig 3 Hluti skólabygginga skipulagður með misstórum og opnum vinnurýmum og þar með einhver sveigjanleiki fyrir hendi.	Stig 4 Að opin rými séu á öllum stigum með tækifærum á vinnusvæðum.
<b>Vinnurými nemenda</b>	Stig 3 Nemendur á unglíngastigi fara á milli svæði innan stigs. Stigið telur að á yngsta aldrsstigið og miðstigið séu á fyrsta stigi hvað snertir þátt þrjú.	Stig 5 Að vinnusvæði í skólanum gefi nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum. Nærumhverfið er einnig hluti af námsumhverfi nemenda.
<b>Námshögn og sýnileiki verkefna</b>	Stig 2 Höfum aðgang að fjölbreyttum námshögnum að einhverju marki og verkefni nemenda eru sýnileg.	Stig 4 Fjölbreytt námshögn aðgengileg og verkefni nemenda sýnileg.
<b>Skólasöfn</b>	Stig 1 Lokað safn, bækur og annað efni aðeins til útlána, takmarkaður opnunartími.	Stig 4 Skólasafn og tölvustofa samþætt og sameinuð. Upplýsingaver hjá ritara miðlægt í byggingunni, nemendur leita mikið þangað.
<b>Tæknibúnaður</b>	Stig 2 Takmörkuð tölvueign, aðallega borðtölvur. Þráðlaust net alls staðar. Nemendur hafa takmarkaðan aðgang að spjaldröllum.	Stig 4 6 til 10 spjaldröllum á aldrsstig. Borðtölvur í námsverum og net eins og er.

## Niðurstöður frh

**Annað starfsfólk (stuðningsfulltrúar, skólaliðar og þroskapálfi)**

**Teymi annarra starfsmanna** mat stöðuna eins og hún er en setti líka fram leiðir til að bæta námsumhverfið

	Hvar erum við?	Hvernig getum við bætt okkur?
<b>Skipulag skólabyggingar</b>	Stig 1 Skólabyggingar skiptast niður í skólastofur af svipaðri stærð og gerð; sveigjanleiki rýmis í lágmarki.	Þótt byggingin bjóði ekki upp á allt á þessu stigi er hægt að nýta rýmin betur, hafa t.d góðar upplýsingar um hvaða rými eru á lausu hverju sinni.
<b>Vinnurými nemenda</b>	Stig 2 Nemendur vinna fyrst og fremst í sömu stofunni meirihluta skóladagsins, í stöðvavinnu geta nemendur farið á milli svæða innan stofu.	Nýta opnu rýmin betur.
<b>Námsgögn og sýnileiki verkefna</b>	Stig 2 Námsgögn stundum fjölbreytt en annars einsleit.	Verkefni séu meira sýnileg og reglulega sett upp og gerð sýnileg. Rými til að vinnan sé meira skapandi og frelsi til að búa til.
<b>Skólasöfn</b>	Stig 1 Lokað skólasafn, bækur aðeins til útlána, takmarkaður opnunartími.	
<b>Tæknibúnaður</b>	Stig 3 Nemendur hafa aðgang að fartölvum eða spjaldtölvum. Þráðlaust net í öllum kennslurýmum.	Tveir eða fleiri iPadar eða fartölvur í hverri stofu.

Teymið telur að teymisvinna sé góð en þurfi að skila sér alla leið, að nýta megi tölvubúnað sem er til staðar betur og rými, gott væri að hafa stundatöflu við hverja stofu þannig að sýnilegt væri hvenær hægt er að nýta hana. Passa þarf upp á að mata nemendur ekki um of og vera duglegri að grípa spurningar úr hópi nemenda til að kveikja umræðu yfir allan bekkinn. Til að komast á fimmta stig telur teymið að gera þurfi úttekt á kennsluaðferðum í verklegum og skapandi greinum og fá aukið fjármagn.